

1870.

**1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
norður- og austur-umdæminu, um mótvarnir
gegn fransós.**

1870.
7. janúar.

Í bræfi, dagsettu 29. septbrm. f. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af bræfi yðar til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, sem leggur honum fyrir að sporna við, að fransós komist í land með frakkneskum fiskimönnum og útbreiddist þar, og skipar svo fyrir, samkvæmt tilskipun 13. júní 1787 2. og 3. gr., að tálma skuli óþarfa samgöngum milli landsmanna og útlendra fiskimanna, svo sem unnt er, einkum með því, að leggja bann á, að innlent kvennfólk fari út á fiskiskipin, og að Íslendingar yfirhöfuð taki við fiskimönnum í hýbýli sín; skyldi það verða kunngjört, að hver sú, sem bryti útaf tæðu boði, skyldi sæta hegningu, og að auki verða undirgefin rannsókn lækisins; ennfremur skyldi hafa gát á, að bæði konur og karlar, sem grunur væri um að hefði fransós, yrði fyrir rannsókn, og lækningar við hafðar á kostnað jafnaðarsjóðsins, ef hlutaðeigandi ekki sjálfur gæti borgað fyrir sig; jafnframt þessu hafið þér, herra amtmaður, farið þess á leit, að stjórnarráðið fellist á greindar ráðstafanir.

Útaf þessu skal það yður til leiðbeiningar kunngjört, að þó stjórnarráðið eigi geti álitid, að lög sé til þessara ráðstafana, skal ekkert því til fyrirstöðu, að þær standi óraskaðar að svo komnu, með því að sérstakar kringumstæður hér eiga í hlut, og enginn hefir kvartað undan þessu.